

Verkfræðistofa Hauks Ásgeirssonar  
Dalvegi 16  
201 Kópavogur

|                  |
|------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. _____        |
| 27 APR. 2010     |
| 10. 4. 3         |
| Tilv.            |



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. apríl 2010  
Tilvísun: UST20100300049/ksj

## Sumarhús, Stöllum í Vörðuskógi, Hvalfjarðarsveit

Vísað er til erindis Verkfræðistofu Hauks Ásgeirssonar er barst 9. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að skipulagi fyrir jörðina Stalla í Hvalfjarðarsveit.

### Tillaga að skipulagi

Í tillöggunni kemur fram að um er að ræða skipulag á landi Stalla í Hvalfjarðarsveit. Landið er 14 ha að stærð. Gert er ráð fyrir að eitt hús rísi í landinu.

### Náttúruminjar

Á uppdrætti sem er afar óskýr kemur fram að skipulagstillagan nær yfir 14 ha í landi Stalla í Hvalfjarðarsveit. Svæðið sem áætlað er að sumarhús rísi á er alls 14 ha, og er á svæði sem er á náttúruminjaskrá. Svæðið er nr. 237 í skránni og þar segir: *"Hafnar-skógr, Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsýslu. Hafnar-skógr og landsvæði umhverfis. Til norðurs og austurs ráða hreppamörk Leirár- og Melahrepps og Skorradalshrepps að Katlapúfu, þaðan bein lína til sjávar sunnan við Þjófakletta. Náttúrulegur birkiskógr í nágrenni þéttbýlis. Mikið útvistargildi."*

Birkiskógar eru vistkerfi sem hafa verndargildi og hafa íslensk stjórnvöld markað þá stefnu að stuðlað skuli að verndun þeirra. Samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útvistar. Samkvæmt 4. mgr. sömu gr. skal ekki að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt. Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.:

*„Áhersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.“*

Samkvæmt stefnumörkuninni skal einnig stefna að því að hafnar verði markvissar tilraunir og aðgerðir við endurheimt birkiskóga. Þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta

sambærileg landsvæði.

Það er mat Umhverfisstofnunar að frístundabyggð í Hafnarskógi rýri náttúruverndar- og útivistargildi svæðisins og því eigi ekki að reisa frístundabyggð innan birkiskógarins. Á uppdrætti er fylgir tillögunni er svæði á náttúruminjaskrá skraferað en ekki fylgja skýringar með uppdrætti.

### Vegagerð


Umhverfisstofnun bendir á að einungis vegagerð frá Vesturlandsvegi að lóðamörkum er sýnd á uppdrætti, vegagerð inni á lóðinni er ekki sýnd, en byggingarreitur er staðsettur þannig á lóðinni að läng veglengd er frá lóðamörkum að byggingarreit. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti vegaslóði innan lóðar að koma fram á uppdrætti.

### Fyrirhugaðar framkvæmdir

Á skipulagstillögu kemur fram að fyrirhugað sé að reisa staðsteypt hús á byggingarreit. Einnig kemur fram á tillögu að skipulagi, að þess verði vandlega gætt við framkvæmdir að ekki verði hróflað við skógi á landinu. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að fram komi á skipulagi kvöð um verkhætti og frágang sem tryggi að ekki verði hróflað við skógi á landinu.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Olafur A Jónasson  
Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun